

**Íbúafundur um
fjölnota íþróttahús í Garðabæ
18.03.2015**

Fundargerð

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Bæjarstjóri gerði grein fyrir fundarboði og tilgangi fundarins sem er að kynna hugmyndir skipulagsráðgjafa Garðabæjar um staðarval fjölnota íþróttahúss í Garðabæ og leita eftir skoðunum bæjarbúa á málinu. Bæjarstjóri hvatti fundarmenn til að taka þátt í málefnalegri og upplýsandi umræðu um málið. Bæjarstjóri sagði frá því að fundurinn væri hljóðritaður og að upptaka af fundinum verði aðgengileg ásamt kynningargögnum á vef Garðabæjar.

Sigurður Guðmundsson, bæjarfulltrúi og formaður skipulagsnefndar tók næst til máls og fór nánar yfir aðdraganda málsins og rakti sögu umræðu um málið allt til ársins 1990 þegar hugmyndir voru um sameiginlega byggingu knatthúss á vegum Garðabæjar og Hafnarfjarðar. Í framhaldi af því var stofnað félagið Knattús ehf. með aðkomu íþróttafélaga í bæjarfélögunum og einnig íþróttafélaga í Kópavogi en ekkert varð af áformum um byggingu sameiginlegs húss á vegum félagsins. Sigurður gerði því næst grein fyrir vinnu við endurskipulagningu Ásgarðssvæðisins sem leiddi af sér byggingu stúku og gervigrasvallar.

Sigurður fjallaði um kostnað við byggingu á fjölnota íþróttahúsi sem áætlaður er 1,5 – 2,0 milljarðar og gerði einnig grein fyrir áætlunum um rekstrarkostnað.

Næstur á mælendaskrá var Árni Ólafsson, skipulagsráðgjafi. Árni gerði grein fyrir viðfangsefninu en það er að leggja gróft mat á það hvaða staðir geti komið til greina fyrir stórt fjölnota íþróttahús í Garðabæ. Fram kom að í byrjun voru fimm staðir skoðaðir en þeir eru:

Á íþróttasvæði á Álftanesi

Á Garðaholti

Við Ásgarð

Í Hofstaðamýri

Í Vetrarmýri

Þessir fimm staðir voru bornir saman út frá stöðu skipulagsmála, samgöngum og afstöðu til aðliggjandi byggðar. Tveir staðir af þessum fimm, Álftanes og Garðaholt voru vinsaðir frá og þeir þrír sem stóðu eftir voru skoðaðir nánar í þrívíðu landmódeli þar sem íþróttahúsi var komið fyrir.

Árni gerði því næst grein fyrir þeim þremur staðsetningarkostum sem voru metnir nánar með tilliti til staðarvals nýs fjölnota íþróttahúss en þeir eru:

Við Ásgarð
Í Hofstaðamýri
Í Vetrarmýri

Við samanburð og mat á þessum staðsetningarkostum eru eftirfarandi þættir lagðir til grundvallar:

Skipulagsáætlanir
Samgöngur og tengsl
Afstaða til aðliggjandi byggðar
Nýting svæðis

Árni gerði nánari grein fyrir matsþáttum einstakra staða og varðandi nánari upplýsingar um helstu atriði í þeirri umfjöllun er vísað til kynningargagna og hljóðupptöku frá fundinum.

Umræður, ábendingar, fyrirspurnir.

Til máls tóku:

Agnar Már Jónsson, framkvæmdastjóri GKG og mælti með staðsetningu í Vetrarmýri og óskaði eftir upplýsingum um hvort staðsetning þar hefði áhrif á legu Vetrarbrautar.

Almar Guðmundsson; formaður knattspyrnudeildar Stjörnunnar og íbúi við Stekkjarflöt. Almar mælti með staðsetningu við Ásgarð og vakti athygli á módeli sem er til sýnis á staðnum sem sýnir húsið við Ásgarð og afstöðu þess til nærliggjandi byggðar.

Ragnheiður Stephensen, kennari við Garðaskóla mælti með staðsetningu í Hofstaðamýri.

Ólafur G. Einarsson, fyrrverandi sveitarstjóri og sveitarstjórnamaður varaði við hugmynd um að byggja húsið við Ásgarð, sem hann kvað fullbyggt svæði. Ólafur mælti með staðsetningu í Vetrarmýri.

Ólafur G. Sveinbjörnsson, fulltrúi í skólaráði Flataskóla kynnti þá afstöðu skólaráðsins að mæla gegn staðsetningu hússins við Ásgarð.

Baldvin Björn Haraldsson, mælti með staðsetningu við Ásgarð og lagði áherslu á að meta samlegðaráhrif við aðra íþróttastarfsemi á svæðinu og félagslegan þátt málsins.

Baldur Ó Svavarsson, arkitekt og varabæjarfulltrúi mælti með að gera Vetrarmýrina og svæðið þar í kring að nýja hjarta fyrir starfsemi Stjörnunnar.

Helgi Hrannar Jónsson, mælti með staðsetningu við Ásgarð.

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri svarað fyrirspurn AMJ um legu Vetrarbrautar.

Magnús Stefánsson, byggingarmeistari, mælti með staðsetningu í Vetrarmýri.

Ólafur Gylfason, mælti með staðsetningu í Vetrarmýri.

Þorsteinn Þorbergsson, stjórnarmaður í aðalstjórn Stjórnunnar, mælti með staðsetningu við Ásgarð.

Þórhallur Sigurgeirsson, yfirþjálfari knattspyrnudeildar mælti með staðsetningu við Ásgarð.

Valgeir Sigurðsson, formaður barna- og unglíngaráðs knattspyrnudeildar Stjórnunnar, mælti með staðsetningu við Ásgarð.

Guðni Már Þorkelsson, mælti með staðsetningu í Vetrarmýri.

Almar Guðmundsson, tók til máls að nýju.

Baldvin Björn Haraldsson, tók til máls að nýju.

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri þakkaði fundarmönnum góðan fund og málefnalega og upplýsandi umræðu. Bæjarstjóri gerði grein fyrir að málið færi nú til frekari skoðunar um umræðu og á vef Garðabæjar væri hægt að koma fram með athugasemdir og ábendingar um málið sem teknar verða til umfjöllunar í ákvörðunarferli um staðarval nýs fjölnota íþróttahúss í Garðabæ.

Fundi var slitið kl. 19.00.

Kynningargögn á vef

Hljóðupptaka frá fundinum